

**Ed.**

**339. Frumvarp til laga**

**[149. mál]**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta gera leit að jarðhita til virkjunar.

Flm.: Karl Kristjánsson, Tómas Árnason.

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt, eftir því sem fé er til þess veitt á fjárlögum, að láta rannsaka hitaveituskilyrði fyrir byggðarlög og einstaka bæi. Má ríkisstjórnin láta bora eftir heitu vatni í þessu skyni, ef jarðborunardeild raforkumála og rannsóknaráð ríkisins telja það vænlegt til árangurs.

**2. gr.**

Þeir aðilar, sem óskað hafa rannsóknarinnar og hitaveitunnar njóta, skulu endurgreiða ríkissjóði kostnað þann, er leiðir af rannsókninni, ef hún ber tilætlaðan árangur, eða í réttu hlutfalli við árangurinn, verði hann ekki talinn svara kostnaði, en þó vera til nytja. Semja má um það, að kostnaðurinn sé endurgreiddur í afborgunum, og telst hann þá stofnlán þeirrar framkvæmdar, er gerð verður til hagnýtingar jarðhitans. Vexti skal borga af slíkum lánum frá þeim degi, er hitaveita verður nothæf. Vextirnir skulu vera venjulegir fasteignaveðsvextir. Ríkið tekur veð í hitaveitunni fyrir láninu, þó eigi 1. veðrétt.

**3. gr.**

Nú liggja fyrir óskir um rannsókn jarðhita, studdar meðmælum frá jarðborunardeild raforkumála og rannsóknaráði ríkisins, og er þá rétt, að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því, að á fjárlögum verði veitt fé til rannsóknarinnar.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Ein tegund auðæfa Íslands er jarðhitinn. Þau byggðu ból, sem þegar hafa hagnýtt sér hann, njóta ómetanlegra þæginda. Rúmlega einn fjórði hluti þjóðarinnar býr nú orðið við þessa aðstöðu. En þjóðin öll nýtur gjaldeyrissparnaðarins, sem af því leiðir í viðskiptum við útlönd, að „varmaföng“ þessa fólks eru heima-tekin. Verðmæti jarðhitans, sem nú er notaður í stað eldsneytis, er talið vera samtals um 28 milljónir króna á ári, ef miðað er við oliuverð.

Menn getur ekki greint á um það, að áriðandi er, að tekinn verði í not sem allra fyrst sá jarðhiti, sem hægt er að virkja fyrir byggðarlög og einstaka bæi. Hins vegar er það staðreynd, að búið er að beizla það heita vatn, sem auðveldast var að ná til. Viðast hvar annars staðar þarf að leggja í kostnaðarsamar tilraunir við að ná úr jörðu vatni, fullnægjandi að hita og magni, og með þær tilraunir getur brugðið til beggja vona, þó að líkur til góðs árangurs kunni að vera miklar og gróði vís, ef vel gengur, af því að eftir varanlegum — og raunar ómetanlegum — verðmætum er leitað.

Flutningsmenn frumvarpsins álíta, að ríkið eigi að taka að sér forgöngu í þessum málum: annast og kosta rannsóknir og boranir eftir heitu vatni, þar sem trúnaðarmenn þess telja rétt frá jarðfræðilegu og hagfræðilegu sjónarmiði, að þær séu gerðar, láta síðan þá, er fyrst og fremst njóta jarðhitans, greiða kostnaðinn eftir því, sem árangurinn verður. Það er eðlilegt og sjálfsagt, að byggðarlög og býli greiði það, sem þeim er afhent sem arðbær niðurstaða verksins, enda eiga þessir aðilar að geta það, þegar um þessa dýrmætu aðstöðubót er að ræða, þótt þeir aftur á móti hafi ekki bolmagn til þess að standast kostnað af árangurslausu verki og geti því ekki lagt út í áhættu óvissunnar við fjárfrekar hitavatnsleitir.

Ríkið verður að taka á sig áhættuna, til þess að af framkvæmdum geti orðið. Þetta er líka sanngjarnt, vegna þess að öll þjóðin hefur hagnað af því, að sparaður sé erlendur gjaldeyrir með heimafengnum hitagjafa og bætt aðstaða til iðnaðar og annarrar framleiðslu, sem við jarðhitaskilyrði þróast. Loks ber á það að líta, að jarðhiti, sem tók nást á til virkjunar, endist ekki aðeins þeim einstaklingum, sem nú lifa, heldur væntanlega svo lengi sem þjóðin lifir í landinu.